



Til allra sveitarfélaga

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 4. október 2021
Tilv.: SRN21090001/4.10.0

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið hefur á grundvelli 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, gefið út nýjar leiðbeiningar um ritun fundargerða sveitarstjórna og leiðbeiningar um þátttöku nefndarmanna á fundum sveitarfélaga með rafrænum hætti. Nýju leiðbeiningarnar taka mið af nýsamþykktum lögum nr. 96/2021 um breytingar á sveitarstjórnarlögum, en með lögunum voru heimildir sveitarfélaga til að mæla fyrir um rafræna þátttöku nefndarmanna á fundum á vegum sveitarfélaga rýmkaðar. Leiðbeiningarnar verða birtar í Stjórnartíðindum á næstu dögum og taka þá gildi.

Drög að leiðbeiningunum voru birtar í samráðsgátt stjórnvalda og bærust ráðuneytinu ýmsar ábendingar sem tekið var tillit til. Helstu breytingarnar sem verða á gildandi framkvæmd eru m.a.:

1. Þegar nefndarmaður tekur þátt í fundi með rafrænum hætti skal hann vera staddur í viðkomandi sveitarfélagi eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess, sbr. lög nr. 96/2021.
2. Að jafnaði skal hver og einn fundarmaður, hvort sem hann er staddur á fundarstað eða annars staðar, vera sýnilegur öðrum fundarmönnum á meðan á fundi stendur þannig að hægt sé að fylgjast með innleggi hans og þátttöku á fundi án hindrana.
3. Heimilt er að fram fari leynileg atkvæðagreiðsla þegar einhver fundarmanna tekur þátt á fundi með rafrænum hætti, sé tryggt að slík atkvæðagreiðsla fari fram með öruggum hætti.
4. Ef fundarmaður á fjarfundi missir samband við fundinn skal fundarhlé gert og miða skal við að fundur hefjist ekki að nýju fyrr en samband hefur náðst við fundarmanninn, hann veiti samþykki fyrir því að fundi verði haldið áfram án hans eða varamaður hefur tekið sæti á fundinum. Ef fundarhlé hefur staðið yfir í meira en 30 mínútur og ekki hefur tekist að uppfylla skilyrði 1. mgr. fyrir áframhaldi fundarins, er heimilt að fundur hefjist að nýju ef fundurinn er að öðru leyti ályktunarhæfur.
5. Heimild til staðfestingar sveitarstjórnarmanna/nefndarmanna á fundargerðum fjarfunda hafa verið rýmkaðar. Heimilt er að undirrita fundargerð með rafrænum hætti eða staðfesta hana með tölvupósti.
6. Sveitarfélögum ber ekki lengur skylda til að halda gerðarbók. Þá hafa sveitarfélög val um hvort

að þau halda fundargerðir með rafrænum eða skriflegum hætti.

Samhliða nýjum leiðbeiningum um ritun fundargerða og um fjarfundi hefur ráðuneytið, í samvinnu við Samband íslenskra sveitarfélaga, **uppfært fyrirmynd af samþykkt um stjórn sveitarfélaga** sem ráðuneytinu ber að gefa út sbr. 2. mgr. 9. gr. sveitarstjórnarlaga, og gerð er breyting á 14. gr. fyrirmyndarinnar sem fjallar um fjarfundi sveitarfélaga.

Af þessu tilefni hefur ráðuneytið jafnframt yfirfarið og uppfært önnur ákvæði og leiðbeiningar fyrirmyndarinnar en breytingarnar fela fyrst og fremst í sér skýrara og ítarlegra orðalag nokkurra ákvæða og þá sérstaklega ákvæða er varða framsal á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála. Auk þess er lögð til fyrirmynd af nýjum ákvæðum sem fjalla um samráð sveitarfélaga við íbúa þess, sbr. X. kafla sveitarstjórnarlaga, og lagatilvísanir í fyrirmyndinni eru leiðréttar í samræmi gildandi lög.


Ráðuneytið vill sérstaklega benda sveitarfélögum á að huga að ákvæðum fyrirmyndarinnar sem varða framsal á valdi til fullnaðarafgreiðslu mála, sbr. 35. gr. og 42. gr. sveitarstjórnarlaga, en mikilvægt er að getið sé um framsal á slíku valdi með skýrum hætti í samþykkt um stjórn sveitarfélags. Í nýrri fyrirmynd eru tekin dæmi um hvernig rétt skuli staðið að framsali á valdi til fullnaðarafgreiðslu máls og vill ráðuneytið hvetja sveitarfélög til þess að huga að þessu atriði þar sem ágalli á því að framsalsheimild sé rétt úr garði gerð getur leitt til ólögsmæts ákvörðunar.

Að lokum vill ráðuneytið geta þess að ekki stendur til að svo stöddu að taka nýja ákvörðun á grundvelli 131. gr. sveitarstjórnarlaga um að veita sveitarfélögum heimild til að víkja frá tilteknum ákvæðum sveitarstjórnarlaga, m.a. ákvæði um fjarfundi, vegna Covid-19 faraldursins. Er rafræn þátttaka sveitarstjórnarmanna í fundum á vegum sveitarfélaga því eingöngu heimil ef sveitarfélög mæla sérstaklega fyrir um slíkt í samþykktum sínum og er sveitarfélögum því bent á að huga að slíkum breytingum telji þau ástæðu til

Fyrir hönd ráðherra



Ragnhildur Hjaltadóttir



Hermann Sæmundsson

Fylgiskj.: Nýjar leiðbeiningar um ritun fundargerða, leiðbeiningar um fjarfundi og fyrirmynd af samþykkt um stjórn sveitarfélags